

Nd. **107. Nefndarálit** **[3. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 frá 29. apríl 1966, um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kvaddi á sinn fund Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Lánasjóðs sveitarfélaga. Hann gaf nefndinni margs konar upplýsingar, m. a. um stöðu og starfsemi sjóðsins.

Ætla má, að framlag til sjóðsins árið 1975 frá Jönunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði verði sem hér segir, ef frumvarpið verður samþykkt:

Frá Jöfnunarsjóði	89 150 000 kr.
Frá ríkissjóði	44 575 000 —

Eru þá lagðar til grundvallar tölur í frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og gildandi lagaákvæði um tekjur Jöfnunarsjóðs.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytt, en einstakir nefndarmenn áskildu sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, ef fram kynnu að koma.

Alþingi, 5. des. 1974.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Eðvarð Sigurðsson.
Geirþrúður H. Bernhöft.	Magnús T. Ólafsson. Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.